

1125. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11. mars 2015, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Gísli Kristján Gunnsteinsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Pálína Árnadóttir og Pétur Hansson endurskoðendur frá Deloitte og Halldór Halldórsson og Hildur Mósesdóttir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga VR.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1124. stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar.

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1124. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Ársreikningur 2014.

Stefán lagði fram skjalið „VR Ársreikningur 2014 – DRÖG“ dags. 11. mars 2015 og fór yfir helstu tölur sem varpað var á skjá. Í máli hans kom m.a. fram að í meðfylgjandi skýrslu stjórnar kæmi fram að hreinar tekjur til ráðstöfunar hjá VR á árinu 2014 námu kr. 668 milljónum sem er 37% aukning frá fyrra ári og að samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 9,7 milljörðum kr. og var bókfært eigið fé 9,5 milljarðar kr. í árslok.

Þá fór hann yfir afkomu ársins og sagði frá því að tekjur hafi aukist um 10,5%, fjármagnsliðir hafi lækkað um 8,7% milli ára og séu 346 milljónir kr. auk þess sem gjöld hafi aukist um 2,2% milli ára.

Þá rakti Stefán helstu lykiltölur og það sem bar hæst var m.a. að fjöldi félagsmanna í árslok hafi verið 30.373 sem er 2% fjölgun frá árinu 2013. 19% aukning er á heimsóknnum á heimasíðu félagsins vr.is, 34% fjölgun hefur orðið á fjölda styrkja greiddum úr VR varasjóði, og 73% aukning styrkja úr Starfsmenntasjóði en við því var búist vegna breyttra úthlutunarreglna. Einnig er svo jákvæð 18% fækkun atvinnuleitenda meðal félagsmanna.

Þessu næst fór Stefán yfir tölur um rekstrargjöld, sjúkradagpeninga, VR varasjóð og aðra orlofsþjónustu. Sagði hann svo frá eignasafni, eignum og eignfærslum. Þá skuldir og eigið fé og loks rekstrarreikning sjóða en mjög jákvætt er að afkoma sjúkrasjóðs er nú að batna.

Þá sagði hann frá tillögu um framlag í VR varasjóð vegna ársins 2014 og er tillaga um 570 milljónir kr. og til viðbótar því framlagi kr. 8.454.154 sem er aukaframlag vegna ársins 2013. Skipting upphæðar er þannig að 76% kemur úr sjúkrasjóði og 24% úr orlofssjóði.

Þessu næst lagði Stefán fram skjalið „*Raun vs áætlun - Samstæða VR 2014*“ og fór yfir á skjá. Þarna voru helstu tölur ársreiknings stillt upp þannig að borið var saman rauntölur og áætlun ásamt skýringum þar sem var mismunur.

Næst tóku til máls gestir fundarins þau Pálína Árnadóttir og Pétur Hansson endurskoðendur frá endurskoðunarfyritækinu Deloitte. Lögðu þau fram skjalið „*VR Endurskoðunarskýrsla*“ dags. 11. mars 2015 og fóru yfir það helsta á skjá. Fyrst fóru þau yfir skýrslu um áritun endurskoðenda þar sem kom fram að þau höfðu lokið endurskoðun á ársreikningi VR fyrir árið 2014 og að tilgangurinn væri að lýsa framkvæmd og niðurstöðum þeirrar endurskoðunar. Þá næst fóru þau yfir lykiláhættur þar sem kom m.a. fram að mesta áhættan er mat og tilvist verðbréfa en minnst vegna rekstrarkostnaðar. Þá fóru þau yfir helstu atriði úr endurskoðuninni og kom m.a. fram að ekki eru gerðar athugasemdir við verðmat einstakra fjárfestingaæigna auk þess sem að niðurstaða prófana sýnir að tekjuskráning félagsins er í lagi og í samræmi við settar reiknisskilareglur. Auk þessa eru ekki heldur gerðar athugasemdir við útgreiðslu úr sjúkra- og varasjóðum og öll meðhöndlun þar í samræmi við reglur. Helstu atriði ábendinga sneru að breytingastjórnun í upplýsingakerfum og um virðismat fjárfestingaæigna en við því hefur verið brugðist af stjórnendum VR með því að ákveðið hefur verið að fara með eignastýringu VR í útboð á árinu 2015. Annað sneri að eftirlitsnefnd Sjúkrasjóðs VR og var strax byrjað að innleiða breytt verklag vegna þess í desember 2014.

Þá skýrðu þau frá þeirri endurskoðunaraðferð sem beitt var, sögðu frá innra eftirliti ofl.

Að þessu loknu voru umræður og fyrirspurnir.

Þá næst sögðu þau Halldór Halldórsson og Hildur Mósesdóttir frá sinni vinnu sem félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga. Þeirra hlutverk hefur nú verið nánar skilgreint og áttu þau góða fundi með endurskoðendum Deloitte og höfðu þau sinnt sínu hlutverki sem skoðunarmenn og höfðu engar athugasemdir.

Að þessu öllu loknu var svo ársreikningurinn samþykktur og undirrituð skýrsla stjórnar.

Ólafía Björk þakkaði loks þessum góðu gestum fyrir þeirra framlag á fundinum og lét þess getið að hún óskaði eftir að fá aftur sömu félagslegu skoðunarmenn. Véku þá gestir af fundi kl. 18:45.

3. Staðan í kjaraviðræðum.

Ólafía Björk ræddi nú stöðuna í kjaraviðræðunum. Kom m.a. fram í máli hennar að þrír fundir hefðu verið haldnir með SA og einn með FA. Líka hafi verið nokkuð um óformleg samtöl milli samningsaðila og svo fundað um sérmálin. Ljóst er að aðildarfélögin eru að koma inn á mismunandi tímum. Iðnaðarmenn koma með sínar kröfur á föstudaginn og Efling/Flóinn eiga fund á morgun. Þá er ljóst að viðræðuslit hafi orðið hjá SGS.

Umræður.

4. Reglugerðarbreytingar Sjúkrasjóðs VR.

Rannveig fór yfir á skjá viðbót við breytingar á reglugerð og starfsreglum Sjúkrasjóðs VR sem áður höfðu verið kynntar og samþykktar í stjórn VR. Þessi viðbót er komin inn á skjalasvæði stjórnar og er eftirfarandi:

Tillaga nr. 29

Gildistími

Ofangreindar breytingartillögur á Reglugerð Sjúkrasjóðs VR taka gildi strax og þær hafa verið samþykktar á aðalfundi félagsins að undanskildum breytingum nr. 13 (gr. 9.4) nr. 16 (3. mgr., 4. mgr. og 5. mgr.) og nr. 23 (öll greinin) en breytingar sem kunna að verða samkvæmt þeim taka gildi frá og með 1. júlí 2015.

Málið snýst um það að allt sem heitir breyting á réttindum eða skerðing taki gildi 1. júlí 2015 en allt annað strax að loknum aðalfundi. Sama á við um breytingar á starfsreglum en þar hljómar breytingartillagan svipað þ.e.:

Tillaga nr. 23

Gildistími

Ofangreindar breytingartillögur á Starfsreglum Sjúkrasjóðs VR taka gildi strax að loknum aðalfundi félagsins, sem haldinn er þann 25.03 2015, að því tilskyldu að tillögur að reglugerðarbreytingum hafi verið samþykktar. Með þeim undantekningum að breytingar nr. 7 (gr. 2.7), nr. 8 (gr. 3.1, 1. og 2. tl.), nr. 11 (gr. 4.1), nr. 12 (gr.4.3) og nr. 15 (gr. 5.5.) taka gildi frá og með 1. júlí 2015.

Umræður.

Í umræðum urðu fundarmenn sammála um að dánarbætur vegna slysa sem eru 362. þúsund kr. hækki í kr. 400. þúsund til samræmis við almennar dánarbætur og verði því bætt við breytingartillögur á starfsreglum Sjúkrasjóðs.

Ólafía Björk bar þá upp til samþykktar áður kynntar breytingartillögur á reglugerð ásamt viðbætti breytingartillögu sem nú var kynnt.

Samþykkt.

Ólafía Björk bar þá upp til samþykktar áður kynntar breytingartillögur á starfsreglum ásamt viðbætti breytingartillögu sem nú var kynnt auk samþykktar um hækkun dánarbóta vegna slysa í 400. þús. kr.

Samþykkt.

5. Lagabreytingar.

Rannveig fór nú yfir viðbætur við áður kynntar og samþykktar breytingartillögur við lög VR. En um er að ræða það að í tillögu nr. 2 hefur verið bætt við því atriði að eldri félagsmenn njóta ekki kjörgengis eins og verið hefur hjá félaginu í framkvæmd en nú er fest í lögin. Í tillögu nr. 3 hefur því verið bætt við að atkvæðisréttur um kjarasamninga félagsins er bundinn þeim sem starfa samkvæmt viðkomandi kjarasamningi og í tillögu nr. 6 hefur því verið bætt við að frambjóðendur til stjórnar VR skuli uppfylla hæfisskilyrði til framboðs við lok framboðsfrests.

Þessar lagabreytingartillögur eru því þannig:

Breyting nr. 2

Núverandi hljóðan (3. gr. Félagsaðild):

„Einnig geta þeir félagsmenn sem hætta störfum á vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku verið áfram félagsmenn gegn greiðslu félagsgjalds en njóta ekki kjörgengis í félaginu. Eftirlaunaþegar sem verið hafa í félaginu a.m.k. 5 ár fyrir töku eftirlauna geta átt takmörkuð réttindi í félaginu samkvæmt nánari reglum einstakra sjóða.“

Verði (breyting í **rauðu letri**):

Félagsmenn sem missa starf sitt á vinnumarkaði geta áfram verið félagsmenn, gegn greiðslu félagsgjalds af greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem sjóðurinn hefur milligöngu um að skila til VR. Hafi þeir ekki verið félagar í VR við upphaf atvinnuleysisbótageiðslna skulu þeir hafa greitt félagsgjald til VR að lágmarki í 36 mánuði á síðustu 5 árum fyrir umsókn atvinnuleysisbóta.

Félagsmenn sem hætta störfum á vinnumarkaði vegna örorku geta verið áfram félagsmenn þó án þess að njóta kjörgengis í félaginu, gegn greiðslu félagsgjalds til VR hjá þeim lífeyrissjóðum sem bjóða milligöngu um að skila félagsgjöldum til stéttarfélags. Skulu þeir hafa verið félagsmenn í VR óslitið í 5 ár áður en til örorku kom.

Eldri félagsmenn sem fá greiddan ellilífeyri og sem verið hafa í félaginu a.m.k. 5 ár fyrir töku eftirlauna, við 67 ára aldur, teljast áfram félagsmenn í VR en njóta ekki kjörgengis. Þeir félagsmenn sem kjósa að hefja töku eftirlauna við 65 ára aldur geta viðhaldið réttindum með því að greiða félagsgjald af ellilífeyrisgreiðslum, hjá þeim lífeyrissjóðum sem bjóða milligöngu um að skila félagsgjöldum til stéttarfélags, til 67 ára aldurs. Þeir skulu hafa verið í félaginu a.m.k. samfelld í 5 ár fyrir töku eftirlauna.

Aðildarréttindi samkvæmt öllu ofangreindu eru háð nánari reglum einstakra sjóða VR.

Breyting nr. 3

Núverandi hljóðan (5. gr. Réttindi og skyldur):

„5. gr. Réttindi og skyldur

Réttindi félagsmanna eru:

- Málfrelsi, tillögu- og atkvæðaréttur á fundum félagsins.
- Allir fullgildir félagar hafa kjörgengi til trúnaðarstarfa innan félagsins, þó með þeim undantekningum sem getið er um í 3.gr.
- Réttur til styrkja og greiðslna úr sjóðum félagsins í samræmi við reglur þeirra.
- Réttur til að vinna þau störf sem kjarasamningar taka til.
- Réttur til afnota af sameiginlegum eignum eftir nánari reglugerðum og reglum félagsins s.s. orlofshúsum, tjaldvögnum o.fl.
- Réttur til aðstoðar félagsins við vanefndir atvinnurekanda á starfskjörum.”

Verði (breyting í **rauðu letri**):

5. gr. Réttindi og skyldur

Réttindi félagsmanna eru:

- Málfrelsi, tillögu- og atkvæðaréttur á fundum félagsins. **Atkvæðisréttur um kjarasamninga félagsins er bundinn þeim sem starfa samkvæmt þeim kjarasamningi sem kosið er um hverju sinni.**
- Allir fullgildir félagar hafa kjörgengi til trúnaðarstarfa innan félagsins, þó með þeim undantekningum sem getið er um í 3.gr.
- Réttur til styrkja og greiðslna úr sjóðum félagsins í samræmi við reglur þeirra.
- Réttur til að vinna þau störf sem kjarasamningar taka til.
- Réttur til afnota af sameiginlegum eignum eftir nánari reglugerðum og reglum félagsins s.s. orlofshúsum, tjaldvögnum o.fl.

Réttur til aðstoðar félagsins við vanefndir atvinnurekanda á starfskjörum.

Breyting nr. 6

Núverandi hljóðan (11. gr. Hæfi stjórnarmanna):

„Stjórnarmenn skv. 10 gr. og ef við á, rekstrarstjórnarmenn skv. 3. mgr. 26. gr. skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í hlutafélagi sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn þeirra sæti í þeirra stað þar til hæfisskilyrðum er fullnægt að nýju.

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.“

Verði (breyting í **rauðu letri**):

Stjórnarmenn skv. 10 gr. og ef við á, stjórnarmenn **sjóða** skv. 3. mgr. 26. gr. skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í **fyrirtæki** sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn þeirra sæti í þeirra stað þar til hæfisskilyrðum er fullnægt að nýju. **Frambjóðendur til stjórnar VR skulu og uppfylla ofangreind skilyrði við lok framboðsfrests sbr. gr. 20.3. Sé ágreiningur um hæfi skal kjörstjórn úrskurða um það.**

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

Missi stjórnarmaður kjörgengi sitt á kjörtímabili skal hann tafarlaust víkja úr stjórn VR.

Ólafía Björk bar þá næst þessar breytingar upp til samþykktar.

Samþykkt.

Ragnar Þór óskaði eftir að það yrði bókað í fundargerð að hann sitji hjá.

6. Tillögur stjórnar fyrir aðalfund VR 25. mars 2015.

Ólafía Björk lagði fram skjalið „*Minnisblað – Tillögur fyrir aðalfund VR 2015*“ dags. 5. mars 2015. Rakti hún lauslega innihald þess og bar síðan upp til atkvæða hverja tillögu fyrir sig:

- a. **Fundarstjóri:** Guðmundur B. Ólafsson
Samþykkt.
- b. **Fundarritari:** Rósmarý Úlfarsdóttir
Samþykkt.

- c. **Tillaga um framlag í Varasjóð:** 570.000.000 kr. fyrir árið 2014 auk viðbótar framlags að upphæð kr. 8.454.154 vegna aukakaupa.
Samþykkt.
- d. **Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu:**
Tillaga að endurskoðunarskrifstofan Deloitte hf. sjái um endurskoðun félagsins fyrir reiknisárið 2015.
Samþykkt.
- e. **Kosning á skoðunarmönnum:** Tillaga um Hildi Mósesdóttur og Halldór Halldórsson sem skoðunarmenn VR. sbr. 27. gr. laga VR.
Samþykkt.
- f. **Tillaga um félagsgjald:** Félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af launum og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum 18 ára afgreiðslufólks frá og með sama tíma.
Samþykkt.

Undir þessum lið urðu umræður um lágmarksfélagsgjald og var ákveðið að skoða þyrfti ákvæðið um lágmarksfélagsgjald.

- g. **Tillaga um stjórnarlaun:** Laun hækki úr 41.120 kr. í 45.315 kr. sem er hækkun sbr. hækkun launavísitölu frá því að laun hækkuðu síðast og að laun hækki svo árlega í samræmi við vísitöluna.

Birgir Már fór yfir þessa tillögu og sagði tímabært að leiðrétta stjórnarlaunin sbr. launavísitölu og að það verði gert árlega.

Umræður.

Í umræðum kom uppástunga um nýja tillögu sem er sú að launin hækki um 6,1% sem er í samræmi við hækkun launavísitölu á síðasta ári þannig að launin hækki úr 41.120 kr. í 43.629 kr.
Samþykkt.

Birgir Már, Ragnar Þór og Gísli Kristján óskuðu eftir að bókað væri í fundargerð að þeir hafi setið hjá við atkvæðagreiðsluna.



- h. Tillaga um veitingu gullmerkis VR:** Benedikt Vilhjálmsson og Anna Björg Siggeirsdóttir fá gullmerki VR.

Ólafía Björk sagði frá þessari tillögu sinni sem ekki var inni í ofangreindu minnisblaði. Sagði hún þau Benedikt og Önnu vel að því komin að fá gullmerki félagsins fyrir þeirra miklu og dýrmætu störf fyrir félagið um áratuga skeið. Samþykkt með lófataki.

Fundi var slitið kl. 20:40
Árni Leósson, fundarritari